

lega, og var hæstaréttarmálaflutningsmaður Lárus Fjeldsted skipaður sækjandi 15. okt. f. á. og þá afhent málsskjölin. En fyrri sóknarskjal hans er eigi dagsett fyrir en 15. febr. þ. á., og varnarskjali verjanda, dags. 15. marz, hefir hann svarað 24. apríl.

Þetta er óhæfilegur dráttur af hans hálfu, er verður að víta, þar sem hann hefir eigi verið réttlættur.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði aukaréttardómur og öll meðferð setudómarans á málinu fyrir aukaréttinum og lögregluréttinum á ómerk að vera.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, málflutningsmannanna, Lárusar Fjeldsted og Sveinbjörns Jónssonar, 80 kr. til hvors, greiðist úr rikissjóði.

Föstudaginn 21. júní 1929.

Nr. 35/1929.

Valdstjórnin (Lárus Fjeldsted)
gegn

Ólafi Guðjónssyni (Bjarni Þ. Johnson).

Áfengislaga- og bifreiðalagabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 1. marz 1929: Kærði, Ólafur Guðjónsson, hér, á að greiða 100 kr. sekt til rikissjóðs innan fjöggra vikna, en afplána hana með 10 daga einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd.

Sviftur skal kærði ökuskirteini í þrjá mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi, hefir kærði játað, að hann hafi umræddan dag, keypt tvær

heilflöskur af portvíni og verið búinn að drekka um helminginn úr annari þeirra, áður en hann ók bifreiðinni. Lögregluþjónn Vestmannaeyja, er lokaði bifreiðinni fyrir kærða, hefir borið það sem vitni fyrir lögreglu-réttinum, að kærði hafi verið mjög ölvaður í bifreiðinni, og tvö önnur vitni, er samtímis athuguðu kærða í bifreiðinni, hafa borið, annað, að kærði hafi verið mikið drukkinn, og hitt, að hann hafi verið drukkinn. Og enn fremur hefir maður sá, er var í bifreiðinni ásamt kærða, borið, að hann hafi sjeð vín á kærða, en ekki virzt hann mikið drukkinn.

Með þessum vitnisburðum og játningu kærða er framkomin í málinu fullkomin sönnun fyrir því, að kærði hafi verið ölvaður við bifreiðaraksturinn í umrætt skifti. Þetta brot kærða heyrir undir 4. málsgrein 5. gr. laga nr. 56, 15. júní 1926, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100 kr. sekt í ríkissjóð, er aflánist með 10 daga einföldu fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svo skal og kærður sviftur leyfi til að aka bifreið um sex mánuði frá birtingu þessa dóms að telja.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í undirrétti og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Kærði, Ólafur Guðjónsson, greiði 100 kr. sekt í ríkissjóð, er aflánist með 10 daga einföldu fangelsi, ef hún er ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svo skal hann og sviftur ökuskírteini um sex mánuði frá birtingu þessa dóms að telja.

Kærði greiði ennfremur allan kostnað sakarinnar fyrir undirrétti og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna, Lárusar Fjeldsted og Bjarna Þ. Johnson, 60 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er sannað í máli þessu með framburði kærða og öðrum gögnum, að hann ók flutningabifreiðinni nr. 14, er hlaðin var fiski, þ. 21. þ. m. í nánd við hús Gunnars Ólafssonar, hér. Á móti honum kom bifreiðin nr. 11, og þá er bifreið kærða stöðvaðist, varð fram og afturhjól hennar fyrir utan veginn, þannig að bifreiðin hallaðist, en kærði hefir tekið fram, sem og rétt er, að vegurinn sé það lágur, þar sem bifreiðin rann útaf, að engin hættu hafi verið á því, að bifreiðin gæti oltið um.

Kærði hefir jatað, að hann hafi umræddan dag keypt 2 $\frac{1}{2}$ fl. af portvíni í útbúi áfengisverzlunar ríkisins, hér, og að hann muni hafa drukkið um $\frac{1}{2}$ fl. af portvíni áður en hann ók bifreiðinni. Ekki hefir kærður viljað kannast við, að hann hafi verið áberandi fullur, heldur aðeins neytt nokkurs áfengis. Vitnin tvö, sem leidd hafa verið í málinu, hafa lýst yfir því álitinu, að kærði hafi verið »mikið drukkin« og »mjög ölvaður«, en önnur tvö, að hann hafi verið »drukkin« og »ekki mikið drukkin«. Með þessu getur rétturinn þó ekki talið löglega sannað, að kærði hafi verið *ölvaður*. Til þess verður að telja að ekki nægi álit vitna, ef það ekki er byggt á slíkri lýsing á framkomu hlutaðeiganda eða upplýsingum um, hve mikils áfengis hann hefir neytt á ákveðnum tíma, að loku sé fyrir það skotið, að framkoman hafi verið eins og henni hefir verið lýst, af öðrum ástæðum en ómikilli áfengisnautn.

Álit vitna byggt á engu sérstöku, eða byggt á slíkri framkomu hlutaðeiganda, sem vel getur verið svo af öðrum ástæðum, en vinnautn, getur því ekki að réttarins dómi talizt sönnun fyrir, að maðurinn hafi verið ölvaður. Í því tilfelli, sem hér um ræðir, hafa vitnin rökstutt álit sitt, um að kærði hafi verið

drukkinn með því, að hann hafi »varla getað talað«, og að hann hafi »skjögrað«, þegar hann ætlaði út úr bifreiðinni, en þetta gjöra margir, sem jafnvel ekki hafa neytt vins, ef þeir komast í geðshræringu, svo það er útaf fyrir sig engin sönnun. Kærði hefir heldur ekki játað að hafa verið ölvaður, heldur aðeins undir áhrifum vins. Þetta styðst við þá staðhæfingu hans, sem taka verður til greina, þarð annað er ósannað, að hann hafi aðeins drukkið hálfu portvinsflösku áður en hann ók bifreiðinni umrætt skifti. Þar sem lög nr. 56 um notkun bifreiða frá 15. júní 1926, 5. gr., sbr. lög nr. 64, áfengislög frá 7. maí 1928, 20. gr., gjöra mun á því, hvort bifreiðarstjórar eru undir áhrifum vins við bifreiðaakstur, eða aka bifreið ölvaðir, og þar sem hið síðara, eftir því sem nú hefir verið sagt, ekki getur talizt fullsannað, (enda in dubio pro reo) verður að heimfæra brot kærða undir 3. málsgrein 5. greinar laga nr. 56, um notkun bifreiða frá 15. júní 1926, og 20. gr. áfengislaganna, og telst refsingin eftir 14. gr. fyrnefndra laga og ákvæðum 20. gr. síðarnefndra laga hæfilega ákveðin 100.00 kr. sekt, er renni í rikissjóð, og svinging ökuskirteinis í þrjá mánuði frá birtingu dóms þessa að telja, og er þá tekið tillit til þess, að hér er um fyrsta brot kærða á ofangreindum lögum að ræða.

Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Föstudaginn 21. júní 1929.

Nr. 16/1929.

Guðrún Ólafsdóttir

gegn

Garðari Þorsteinssyni, f. h. Dansk Radio.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðrún Ólafsdóttir, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs, ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.
